

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



<b>Dags eftirlits</b>	29.9.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Mýrdalshreppur	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Austurvegi 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4612830399	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorbjörg Gísladóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	501748,175 324486,012

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Engin ný frávik komu fram við eftirlit en enn eru útistandandi þrjú frávik frá eftirliti 2019 er varða skil á skráningum, viðbragðsáætlun og takmörkun aðgangs. Úrbótum vegna frávika er varða urðun fljótandi úrgangs og ábyrgðartryggingu telst lokið.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3)
4. Niðurstöður síðasta eftirlits
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð á urðunarstaðinn.

Eftirlitið hófst á skoðunarferð á urðunarstaðinn. Urðunarstaðurinn er tvískiptur, þ.e. norðan þjóðvegur er urðaður óvirkur úrgangur og sunnan þjóðvegur er afsetning seyru. Að skoðunarferð lokinni fór fram fjárfundur þar sem farið var yfir starfsleyfið og starfsemi á urðunarstaðnum. Á urðunarstaðnum er tekið á móti óvirkum úrgangi og seyru úr Mýrdalshrepp og er staðurinn lítið notaður. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar um hvort og hversu mikið hefði verið urðað á urðunarstaðnum árið 2019. Á haustmánuðum hafði sveitarfélagið veitt stöðuleyfi fyrir malbikunarstöð á urðunarstaðnum en við eftirlit var nýbúið að flytja stöðina burt.

Við eftirlit var töluvert af efni á urðunarstaðnum tengt starfsemi malbikunarstöðvarinnar, s.s. malarhaugar og girðing lá niðri að hluta þar sem ekið hafði verið að stöðinni. Var rekstraraðila bent á að laga þyrfti girðinguna, en skv. gr. 2.1 í starfsleyfi á aðgangur að urðunarstaðnum að vera takmarkaður, svæðið girt og hlið lokuð nema þegar starfsemi er í gangi. Hlið var opið við eftirlit og engin starfsemi á urðunarstaðnum.

Við eftirlit 2019 komu fram sex frávik er varða skil á niðurstöðum skráninga, viðbragðsáætlun, urðun fljótandi úrgangs, aðgangur að urðunarstaðnum, daglegan frágangur og ábyrgðartryggingu. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna þessa þann 22. nóvember 2019 og tryggingaskírteini. Við eftirlit nú var staðfest að frágangur vegna urðunar fljótandi úrgangs telst fullnægjandi. Frávikum vegna ábyrgðartryggingar og urðunar fljótandi úrgangs telst því lokið. Enn eru útistandandi frávik vegna skila á skráningum sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi, viðbragðsáætlun og takmörkun aðgangs.

Kynntar voru niðurstöður áhættumats fyrir árið 2019 en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 ber Umhverfisstofnun að meta umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar og ákvarða tíðni eftirlits út frá því. Farið var yfir niðurstöður áhættumatsins og hvernig rekstraraðili getur bætt stigafjölda í áhættumatinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2021

Sigríður Magnúsdóttir